

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/37/34

frá 2. nóvember 2010

um evrópskan fjölgagsmunavettvang um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar) (*)

(2010/C 326/07)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í stefnumörkuninni fyrir Evrópu 2020, eins og segir í orðsendingunni frá framkvæmdastjórninni með fyrirsögninni „Evrópa 2020: stefnumörkun um hugvitssaman og sjálfbæran hagvöxt“ er sett fram sýn fyrir félagslegt markaðshagkerfi Evrópu fyrir 21. öldina þar sem ávinnings stafræns samfélags er notið til efnahagslegra og félagslegra heilla.
- 2) Eitt af forystuverkefnum stefnumörkunarinnar fyrir Evrópu 2020 sem sett er fram í orðsendingunni frá framkvæmdastjórninni með fyrirsögninni „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“⁽¹⁾, gegnir framsæknu hlutverki til að ná einum stafrænum markaði með því að fjarlægja reglugerðar- og tæknihindranir sem koma í veg fyrir að borgarar hljóti allan mögulegan ávinning.
- 3) Þar sem ferli við gerð vörureikninga og greiðslna er nátengt, býður stofnun sameiginlegs evrugreiðslusvæðis (e. *SEPA*) útgangspunkt fyrir rekstrarsamhæft evrópskt kerfi um rafræna reikningagerð. Slikt kerfi getur gagnast fyrirtækjum og veitendum fjármálaþjónustu með aukinni skilvirkni og sjálfvirkni aðfangakeðja.
- 4) Í tilskipun ráðsins 2006/112/EB um sameiginlega virðisaukaskattkerfið⁽²⁾ er gerð krafa um það að frá 1. janúar 2013 gangist aðildarríki undir meginregluna um jafna meðferð á reikningum á pappír og rafrænum reikningum.
- 5) Í orðsendingunni⁽³⁾ frá framkvæmdastjórninni með fyrirsögninni „Hagnýting ávinnings af gerð rafrænna vörureikninga í Evrópu“ er stungið upp á stofnun evrópsks fjölgagsmunavettvangs framkvæmdastjórninni til aðstoðar við samræmingu aðgerða á vettvangi aðildarríkja og að ráðstafanir séu greindar á vettvangi Sambandsins til að greiða fyrir fjöldasamþykkt rafrænna reikninga.
- 6) Því er nauðsynlegt að koma á fót sérfræðingahópi á sviði rafrænna reikninga og skilgreina verkefni og skipan hans.
- 7) Aðalverkefni hópsins verður að vakta upptöku rafrænna reikninga og að aðstoða við þróun á markaði rafrænna

reikninga í öllum aðildarríkjunum. Honum ber að hafa samráð við innlendan vettvang fjölgagsmunaaðila og gefa sérstakan gaum að sjónarmiðum rafrænna reikninga yfir landamæri og upptöku rafrænna reikninga hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

- 8) Evrópski fjölgagsmunavettvangurinn um rafræna reikninga þarf að vera samsettur af aðilum frá landsbundnum vettvangi og fulltrúum evrópskra samtaka úr samfélagi notenda, Staðlasamtökum Evrópu (e. *CEN*), Seðlabanka Evrópu og starfshópi skv. 29. gr. um gagnavernd.
- 9) Kveðið skal á um reglur um birtingu fulltrúa vettvangsins á upplýsingum með fyrirvara um reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi eins og sett er fram í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE⁽⁴⁾.
- 10) Vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽⁵⁾.
- 11) Rétt þykir að setja tímamörk vegna beitingar þessarar ákvörðunar. Framkvæmdastjórnin mun innan hæfilegs tíma taka réttmæti framlengingar til athugunar,

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Viðfangsefni

Evrópski fjölgagsmunavettvangurinn um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar), hér á eftir nefndur „vettvangurinn“, er hér með skipaður.

2. gr.

Verkefni

1. Verkefni vettvangsins skulu vera:

- a) að aðstoða framkvæmdastjórnina við vöktun á þróun markaðar rafrænna reikninga og á umfangi upptöku rafrænna reikninga í iðnaði og þjónustugeirum í öllum aðildarríkjunum,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB C 326, 3.12.2010, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 31, 30.5.2013, bls. 27.

(¹) COM(2010) 45.

(²) Stjtið. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1.

(³) COM(2010) 712.

(⁴) Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1.

(⁵) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

- b) að stuðla að miðlun á reynslu og góðum starfsvenjum sem auðvelda tilkomu rekstrarsamhæfðra lausna rafrænna reikninga,
- c) að benda á vandamál sem rekist er á, einkum að því er varðar viðskipti yfir landamæri og að leggja til viðeigandi lausnir,
- d) að styðja við og fylgjast með vinnu sem leiðir til upptöku staðlaðs gagnalíkans við rafræna reikningagerð.

2. Við vinnu sína ber vettvangnum að hafa hliðsjón af niðurstöðum fyrri aðgerða, gildandi vinnu og lausnum, einkum varðandi lagaumhverfið, viðskiptakröfurnar og tæknistaðla á sviði rafrænna reikninga hjá hinu opinbera og í einkageiranum.

3. gr.

Samráð

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við hópinn um hvaðeina sem lýtur að:

- a) öðru frumkvæði að löggjöf sem ber að fara fram á vettvangi Sambandsins til að takast á við hindranir sem eftir standa vegna upptöku rafrænna reikninga,
- b) viðskiptaaðferðum í aðfangakeðju fjármögnunar sem gæti greitt fyrir útbreiðslu rafrænna reikninga, einkum á sviði greiðslna og á sameiginlega evrugreiðslusvæðinu (e. *SEPA*),
- c) landsbundnum og evrópskum aðgerðum sem styðja við samþykkt rafrænna reikninga, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

4. gr.

Skipan

Á vettvangnum skulu vera 63 aðilar:

- a) tveir aðilar hvers landsbundins fjölhagsmunavettvangs,
- b) sex aðilar að evrópskum samtökum sem eru málsvavar neytenda, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja,
- c) einn fulltrúi frá hverjum: Staðlasamtökum Evrópu (e. *CEN*), Seðlabanka Evrópu og starfshópi skv. 29. gr. um gagnavernd⁽⁶⁾.

5. gr.

Aðild — tilnefning

1. Framkvæmdastjórninni ber að tilnefna aðila að vettvangnum í samræmi við eftirfarandi:

- 1) fulltrúarnir, sem um getur í a-lið 4. gr., skulu skipaðir á grunni tillagna aðildarríkjanna. Þessir fulltrúar eru skipaðir sem málsvari landsbundna fjölhagsmunavettvangsins,

- 2) fulltrúarnir, sem um getur í b-lið 4. gr., skulu skipaðir til að koma fram fyrir hönd samtakanna sem getið er um í b-lið 4. gr.: þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar munu tryggja jafnan málflytning á meðal þessara hópa hagsmunaaðila,

- 3) fulltrúarnir sem um getur í c-lið 4. gr. skulu tilnefndir á grunni viðkomandi tillögu Staðlasamtaka Evrópu, Seðlabanka Evrópu og starfshóps skv. 29. gr. um gagnavernd.

2. Aðilar skulu skipaðir til þriggja ára.

3. Heimilt er að velja staðgengla til loka skipunartímans fyrir þá meðlimi, sem ekki eru lengur færir um að taka virkan þátt í umræðum hópsins, sem segja af sér störfum eða fara ekki að skilyrðum sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, eða 339. gr. sáttmálans.

4. Nöfn aðila sem um getur í 4. gr. skulu birt í skránni yfir sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar og aðrar svipaðar einingar.

5. Söfnun, vinnsla og birting á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

6. gr.

Aðgerðir

1. Vettvangurinn skal vera undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar getur boðið sérfræðingum í sérstöku augnamiði utan vettvangsins, sem búa yfir sérstakri hæfni á tilteknu viðfangsefni sem er á dagskrá, að taka þátt í starfi vettvangsins. Til viðbótar getur fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar veitt einstaklingum, samtökum líkt og skilgreint er í 3. mgr. 8. reglu lárétta reglnanna um sérfræðingahópa og umsóknarlöndum áheyrnarstöðu.

3. Aðilar að vettvangnum, sem og sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sem hefur verið boðin þátttaka, skulu virða þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og framkvæmdarreglum þeirra, sem og reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi hvað varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun 2001/844/EB, KSE, KBE. Virði þeir ekki þessar skuldbindingar getur framkvæmdastjórnin gripið til allra viðeigandi ráðstafana.

4. Fundir vettvangsins skulu haldnir í húsnæði framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skrifstofuþjónustu. Aðrir embættismenn framkvæmdastjórnarinnar, sem hafa áhuga á málsmeðferðinni, geta setið fundi vettvangsins.

⁽⁶⁾ Tilskipun 95/46/EB (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

5. Vettvangurinn skal setja sér nauðsynlegar starfsreglur á grundvelli staðlaðra starfsreglna sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

6. Framkvæmdastjórnin birtir viðeigandi upplýsingar um starfsemi vettvangsins, annaðhvort í skránni eða í gegnum hlekk sem er í skránni inn á sérstakt vefsetur.

7. Við lok umboðs vettvangsins skal framkvæmdastjórnin útbúa skýrslu um framvinduna sem náðst hefur með vettvangnum. Sú skýrsla skal vera tiltæk almenningi.

7. gr.

Kostnaður vegna fundarhalda

1. Þátttakendur í starfsemi vettvangsins skulu ekki þiggja laun fyrir þau störf sem þeir leysa af hendi.

2. Ferða- og dvalarkostnað vegna útgjalda þátttakenda í starfsemi vettvangsins, skal framkvæmdastjórnin endurgreiða í samræmi við gildandi ákvæði framkvæmdastjórnarinnar.

3. Þessi kostnaður skal endurgreiddur innan marka tiltækra fjárveitinga, sem úthlutað er samkvæmt árlegri málsmeðferð við úthlutun fjármagns.

8. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir til 31. desember 2013.

Gjört í Brussel 2. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.